

Félag íslenskra hljómlistamanna

Áætu félagsmenn, kæru fundargestir, verið velkomin á aðalfund F.Í.H.

Róbert Þórhallsson heiti ég og bið mig fram til embætti formanns.

Ég hef gengt starfi gjaldkera í stjórn FÍH undanfarin ár.

Hef unnið ýmis störf á vegum félagsins, m.a í framkvæmdarstjórn Íslensku tónlistarverðlaunanna, í kjarasamningargerð við Borgarleikhúsið, svo eitthvað sé nefnt.

Útskrifaðist með BA gráðu frá tónlistarháskólanum í Amsterdam, Amsterdamse Hogeschool voor de Kunsten. Hef starfað sem tónlistarkennari við FÍH, auk annara skóla, jafnframt því að eiga farsælan ferill í tónlistinni. Hef unnið við stórtónleika af ýmsum gerðum í samstarfi við Sinfoníuhljómsveit Íslands, tekið þátt í fjölmörgum leiksýningum, hljóðversvinnu, auk fjölda annarra verkefna.

Það er komið að kaflaskilum í sögu félagsins, Björn Th. Árnason hefur ákveðið að yfirgefa brúna og eftirláta öðrum formannsembætti okkar merka félags. Ég tel að Birni verði seint full þakkað fyrir það óeigingjarna starf sem hann hefur innt af hendi í þágu hljómlistarfólks á Íslandi. Hann hefur marga hildina háð í kjarabaráttu og náð ótrúlegum árangri. Hans metnaðarfulla starf hefur stórbætt það umhverfi sem við tónlistarfólk lærum, þroskumst og höfum atvinnu í. Ég þakka honum persónulega fyrir allt sem þetta félag hefur gert fyrir mig í þeirri vegferð að gera tónlistina að lífibrauði.

Í tónlistarskóla F.Í.H steig ég mín fyrstu skref, m.a. undir leiðsögn mótframbjóðanda míns Gunnars Hrafnssonar, og félagið hefur ávallt verið til staðar fyrir mig þegar á reyndi.

Hvernig sé ég framtíð félagsins?

Við lifum á breyttum tímum, umhverfi tónlistarmannsins hefur færst frá þeim tíma þar sem félagsmenn stöðvuðu þá sem ekki voru skráðir í félagið, frá framkomum á veitingarstöðum og annarri spilamennsku, yfir í að vera veröld einyrkjanna sem oft á tíðum verða að sætta sig við skertan hlut til að tryggja sér verkefni og atvinnutækifæri.

Í þessu felst vandamál sem ég tel að félagið, með formann í broddi fylkingar, þurfi að gera sitt besta til að bæta.

Það hefur svo sannarlega verið reynt að hjálpa þeim sem eru úti á akrinum í baráttunni, en betur má ef duga skal.

Vandamálið felst fyrst og fremst í ákveðinni óeiningu meðal tónlistarfólks, við virðumst ekki átta okkur á því að með því að sætta okkur við lágmarkspóknun eða oft á tíðum minna en það, erum við í raun að gera á hlut kollega okkar. Það er ótækt að við séum í þeirri stöðu að óttast að missa verkefni ef við förum fram á réttmæt laun fyrir vinnu okkar.

Við þurfum á skerpa á vitund og sjálfsöryggi tónlistarfólks með öllum tiltækum ráðum. Skerpa einingu okkar til að setja réttann verðmiða á getu og reynslu. Gæta að jöfnuði kynjanna og auka samheldni.

Ég tel að félagið þurfi að bæta vitund bæði ungs tónlistarfólks, sem og tónlistarfólks með reynslu, að þetta er göfugt starf sem verðskuldar réttmæt laun.

Þetta væri hægt að gera í formi fræðslu, með upptöku rafrænna starfssamninga og með því að einfalda eða straumlínulaga launataxta. Mér finnst félagið hafa unnið góða vinnu fyrir fólk sem hefur föst verkefni við tónlistarflutning en það hefur reynst þrautinni þyngri að finna leiðir til að styðja við einyrkjann.

Mín sýn á framtíð félagsins er sú að stuðla að einingu tónlistarfólks og gera það spennandi vettfangi fyrir fólk sem er að berjast fyrir tilverurétti sínum á markaðnum.

Ég vill fá MC Gauta og Herra hnetusmjör, jafnt sem nýútskrifaða snillinga morgundagsins í klassík, popptónlist og jassi, til að sameinast um að vera þáttakendur í félagi veitir þeim stuðning í starfi sínu sem listamenn.

Ein þeirra hugmynda sem skotið hafa upp kollinum í stjórn FÍH er að bæta mætti aðstöðu hljómsveita, sem og einleikara, til æfinga. Félag tónleikahaldara hefur viðrað við mig svipaða hugmynd, að festa kaup á eða leigja húsnæði þar sem hægt væri að framleigja til þeirra sem þurfa aðstöðu til æfinga fyrir verkefni. Aðstöðu þar sem hægt væri að vera t.d. í vikulangri æfingatörn til undirbúnings fyrir stórverkefni, án mikils tilkostnaðar, með eigin búnaði eða lágmarksbúnaði sem væri til staðar. Ég vil leita leiða til að gera þetta að veruleika.

Mér finnst líka að bæta mætti aðgang að upplýsingum um hvernig fólk í upphafi tónlistarferils, beri sig að gagnvart reikningsgerð, launamálum og skattskilum. Því ég tel það í verkahring félagsins að tryggja félagsmönnum þægilegt og öruggt starfsumhverfi, og því myndi ég vilja framfylgja.

Með von um ykkar stuðning, kærar þakkir, Róbert Þórhallsson.